

Eftirfylgni: Verðlagsnefnd búvara og ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara

Niðurstaða

Ríkisendurskoðun ítrekar ekki fjórar ábendingar sem stofnunin beindi til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis árið 2015 og vörðuðu verðlagsnefnd búvara og ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara. Ábendingarnar lutu að mikilvægi þess að nefndirnar störfuðu samkvæmt skráðum verklagsreglum, birtingu fundargerða ráðgjafarnefndarinnar, hæfi nefndarmanna og því að verðlagsnefnd búvara væri jafnan fullskipuð í samræmi við lög.

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur ráðuneytið að nokkru leyti brugðist við þessum ábendingum. Stofnunin gagnrýnir þó að verðlagsnefnd búvara starfar enn ekki samkvæmt skráðum verklagsreglum. Einnig er ráðuneytinu bent á að gæta vel að hæfi þeirra fulltrúa sem það tilnefnir í nefndir á sínum vegum og tryggja að verðlagsnefnd sé jafnan fullskipuð í samræmi við lög. Ekki er þó talin þörf á að ítreka þessar ábendingar.

Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar 2015

Í skýrslunni [Verðlagsnefnd búvara og ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara](#) (2015) kannaði Ríkisendurskoðun að beiðni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis (sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra) stjórnýsly þessara tveggja nefnda sem báðar heyra undir ráðuneytið. Tilfnið var opinber umræða haustið 2014 um störf nefndanna og hæfi formanns þeirra, sem jafnframt er skrifstofustjóri í ráðuneytinu, til setu í þeim vegna fyrrum tengsla sinna við samtök bænda og fyrirtæki í eigu þeirra.

Verðlagsnefnd búvara ákveður afurðaverð til búvöruframleiðenda og verð búvara í heildsölu. Hún er skipuð sex fulltrúum og tilnefnir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra formann hennar. Samtök launþega, stjórn Bændasamtaka Íslands og Samtök afurðastöðva tilnefna aðra nefndarmenn. Ráðgjafarnefndin er á hinn bóginn ráðherra til ráðuneytis um ákvæði búvörlaga um inn- og útflutning landbúnaðarvara og gerir tillögur til hans um úthlutun tollkvóta. Hún er skipuð þremur fulltrúum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og skipar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra formann hennar.

Að mati Ríkisendurskoðunar höfðu nefndirnar unnið í samræmi við þau ákvæði búvörlaga sem lúta að störfum þeirra og meðferð og úrlausn mála. Í skýrslu sinni gerði stofnunin því engar athugasemdir við stjórnýsly þeirra og engar vísbendingar voru um að ómálefnaleg sjónarmið hefðu ráðið för í störfum þeirra. Af gögnum málsins varð ekki heldur ráðið að meint hagsmunatengsl formannsins hefðu haft áhrif á störf nefndanna eða niðurstöður þeirra.

Ábendingar árið 2015

Ríkisendurskoðun beindi engu að síður fjórum ábendingum til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis árið 2015. Það þyrfti að tryggja að umræddar nefndir störfuðu samkvæmt skráðum verklagsreglum og beita sér fyrir því að fundargerðir ráðgjafarnefndarinnar yrðu birtar opinberlega. Þá þyrfti ráðuneytið að tryggja að hæfi þeirra fulltrúa sem það skipar í nefndir á sínum vegum væri hafið yfir allan vafa og að verðlagsnefndin væri jafnan fullskipuð í samræmi við lög.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti tók árið 2015 undir ábendingu Ríkisendurskoðunar um nauðsyn þess að nefndirnar störfuðu samkvæmt skráðum verklagsreglum. Reglurnar ættu að lýsa störfum þeirra, m.a. varðandi undirbúning, meðferð og úrlausn mála, umfram það sem kemur fram í lögum um störf nefndanna.

Ráðuneytið kvaðst einnig myndi beina þeim tilmælum til ráðgjafarnefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara að fundargerðir hennar yrðu framvegis birtar á heimasíðu ráðuneytisins. Birtingin yrði þó með þeim hætti að fyrirtæki sem væru til umfjöllunar hverju sinni bæru ekki skaða af og að samkeppnisaðilar þeirra högnuðust ekki á henni.

Í viðbrögðum ráðuneytisins við þriðju ábendingunni kom fram að það hefði þegar skráð upplýsingar um tengsl starfsmanna þess við stjórnir og ráð utan þess, sbr. 20. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ráðuneytið taldi hins vegar að það gæti ekki gert slíka kröfu til nefndarmanna sem skipaðir væru eftir tilnefningu annarra aðila í samræmi við lög.

Ráðuneytið taldi að lokum óheppilegt að skömmu fyrir útgáfu skýrslu Ríkisendurskoðunar í apríl 2015 hefði ekki enn tekist að skipa verðlagsnefnd búvara fyrir tímabilið 1. júlí 2014 til 30. júní 2015. Ástæðan væri sú að aðilar vinnumarkaðarins hefðu ekki verið tilbúnir til að tilnefna fulltrúa í nefndina fyrir en lokið væri við gerð skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um mjólkurframleiðslu á Íslandi. Ráðuneytið vonaðist eftir að skýrslan lægi fyrir innan tíðar og sagði vinnu við gerð hennar hafa dregist úr hófi fram.

Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2018

Í nóvember 2017 óskaði Ríkisendurskoðun eftir því að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti upplýsti hvort brugðist hefði verið við ábendingunum, hvenær og með hvaða hætti. Svar barst í janúar 2018.

Í svarinu benti ráðuneytið á að í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar hefðu verið settar verklagsreglur fyrir ráðgjafarnefndina þar sem hlutverki hennar er lýst og málsmeðferð gerð skil. Enn hefðu hins vegar ekki verið skráðar verklagsreglur fyrir verðlagsnefnd búvara. Ástæðan væri sú að hlutverk hennar hefði verið óskýrt undanfarin ár vegna hugsanlegra lagabreytinga. Ráðuneytið vísaði í því sambandi til frumvarps um breytingar á búvörulögum o.fl. sem lagt var fyrir Alþingi í apríl 2016 en ekki var afgreitt. Þar var m.a. lagt til breytt hlutverk nefndarinnar. Ráðuneytið ítrekaði þó mikilvægi þess að nefndin starfaði eftir skráðum verklagsreglum og kvaðst mundu vinna að því að slíkar reglur yrðu settar. Ríkisendurskoðun gagnrýnir þennan seinagang og telur að hugsanlegar lagabreytingar eigi ekki að tefja málið. Verklagsreglur eru enda þess eðlis að þær eiga að taka mið af verklagi hverju sinni og stuðla að faglegu og gagnsæju starfi. Ráðuneytið er því hvatt til þess að setja verðlagsnefndinni slíkar reglur þegar í stað.

Samkvæmt svari ráðuneytisins eru nú allar fundargerðir ráðgjafarnefndarinnar birtar opinberlega eins skjótt og unnt er að fundum loknum. Hægt er að nálgast allar fundargerðir frá maí 2015 á [heimasíðu](#) ráðuneytisins.

Svar ráðuneytisins um hæfi nefndarmanna er að stórum hluta endurtekning á viðbrögðum þess við ábendingunni árið 2015. Ráðuneytið bendir á að upplýsingar um tengsl starfsmanna þess við stjórnir og ráð utan ráðuneytisins séu ávallt skráðar, sbr. 20. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ekki sé hins vegar hægt að gera

slíka kröfu til nefndarmanna sem skipaðir eru eftir tilnefningu annarra aðila í samræmi við lög. Í svarinu er einnig vísað til skýrslunnar frá 2015 þar sem kom fram að engar vísbendingar hefðu verið um að meint hagsmunatengsl formannsins hefðu haft áhrif á niðurstöðu mála hjá verðlagsnefndinni. Ríkisendurskoðun ítrekar mikilvægi þess að óhlutdrægni nefndarmanna sem ráðuneytið tilnefnir verði ekki dregin í efa með réttu. Ef fullt traust á að ríkja um vinnu nefnda ráðuneytisins þarf við skipun þeirra að ganga úr skugga um að fulltrúar tilnefndir af ráðuneytinu hafi engra persónulegra hagsmuna að gæta.

Ráðuneytið ítrekar í svari sínu við fjórðu ábendingunni að óheppilegt hafi verið að ekki tókst að skipa verðlagsnefnd búvara á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2015. Rúmlega eins árs hlé varð því á störfum nefndarinnar. Kallað hafi verið eftir nýjum tilnefningum vegna starfsársins 2015–16 og nefndin skipuð 1. júlí 2015. Ekki var skipað í nefndina fyrir starfsárið 2017–18 fyrir en 2. október 2017. Ráðuneytið segir ástæðuna þá að nokkuð hafi dregist að fá sendar tilnefningar þrátt fyrir ítrekanir. Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við þennan drátt á að skipa í nefndina. Minnt er á að samkvæmt búvörulögum nr. 99/1993 skal tilnefningu fulltrúa í verðlagsnefnd lokið 15. júní ár hvert og hún fullskipuð 1. júlí.

Um úttektina

Úttekt þessi er unnin með vísan í 6. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um stjórnarsýsluendurskoðun (ISSAI 300 og ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun úttektarskýrslum sínum jafnan eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum þeirra. Slík eftirfylgni fer fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslna og leggur stofnunin þar megináherslu á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti fékk drög að þessari eftirfylgniskýrslu til umsagnar og þakkar stofnunin því fyrir aðstoð og upplýsingar við gerð hennar.